



**KPMG ehf.**  
Borgartún 27  
105 Reykjavík

Sími 545 6000  
Fax 545 6001  
Vefsíða www.kpmg.is

## Umboðsmaður kröfuhafa og

**Hagar hf.**  
**b.t. Finnur Oddsson**  
**Hagasmára 1,**  
**201 Kópavogur**

Reykjavík, 20. október 2022

### **Staðfesting á skýrslu um fjárhagslegar kvaðir í tengslum við árshlutareikning vegna skuldabréfaflokks HAGA021029**

Vísað er til veðhafa- og veðgæslusamkomulagsins, dags. 1. október 2019, og samnings við staðfestingaraðila. Hugtök sem skilgreind eru í veðhafa- og veðgæslusamkomulaginu og samningi við staðfestingaraðila skulu hafa sömu merkingu og þeim er þar gefin.

Vísað er til skýrslu útgefanda um fjárhagslegar- og sérstakar kvaðir, dags. 19. október 2022.

Staðfestingaraðili hefur farið yfir skýrslu útgefanda um fjárhagslegar- og sérstakar kvaðir, verðmat sem liggur til grundvallar og aðrar upplýsingar sem skýrslan byggir á. Að lokinni sjálfstæðri yfirferð eru niðurstöður staðfestingaraðila eftirfarandi:

Þann 31. ágúst 2021 voru viðkomandi fjárhagslegar- og sérstakar kvaðir eftirfarandi:

#### 1. Vaxtaþekja

EBITDA 12 mánaða tímabils frá 1. september 2021 – 31. ágúst 2022 nam 12.014 m.kr. Á sama tímabili námu vaxtagjöld 1.847 m.kr. Vaxtaþekja tímabilsins telst því vera  $12.014/1.847$  eða 6,5 en kvaðir í skuldabréfaflokki HAGA021029 eru að vaxtaþekja sé eigi lægri en 2.

#### 2. Eiginfjárlutfall

Eigið fé Haga þann 31. ágúst 2022 nam 26.786 m.kr. Samtala efnahagsreiknings sama dag nam 70.081 m.kr. Eiginfjárlutfall Haga 31. ágúst 2022 er því  $26.786/70.081$  eða 38,2%. Fjárhagslegar kvaðir í skuldabréfaflokki HAGA021029 eru að eiginfjárlutfall sé eigi lægra en sem nemur 25%

Yfirferð staðfestingaraðila á fjárhagslegum- og sérstökum kvöðum samræmist mati útgefanda og skýrsla um fjárhagslegar og sérstakar kvaðir því staðfest.

Fyrir hönd staðfestingaraðila

**KPMG ehf.**

